

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

Sorphirða fer fram samkvæmt dagatali sorphirðu ár hvert. Allar fjárhæðir skv. 3. gr. þessarar gjaldskrár taka breytingum 1. janúar ár hvert miðað við vísitölu byggingarkostnaðar að hálfu (50%), m.v. grunnvísitölu janúar 2021 sem er 149,5 stig og að hálfu (50%), m.v. greiðslujöfnunarvísitölu launa sem er 189,8 stig í janúar 2021. Einnig er móttaka sorps á gámasvæðum.

#### 2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað.

#### 3. gr.

Á hverja íbúð, lögbýli og íbúðarhús greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð íláta og staðsetningu:

<i>Almennur úrgangur:</i>	240 l	660 l	1.100 l
Sorpgjald:	36.500 kr.	48.000 kr.	69.000 kr.
Hver aukalosun frá íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum			kr. 4.700
Hvert auka ílát fyrir almennan úrgang 240 l			kr. 9.100
Sumarhús, íbúð og íbúðarhús þar sem ekki er sorpílát:			
Sorpgjald:			kr. 12.500
Notendur þeirra geta losað sig við sorp á gámasvæðum sveitarfélagsins.			

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

*Sorphirðugjald:*

Flokkur 1	kr. 75.000
Flokkur 2	kr. 143.400
Flokkur 3	kr. 171.000
Flokkur 4	kr. 279.000
Flokkur 5	kr. 522.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

#### 4. gr.

Að lokinni álagningu skv. 3. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Húnavatnshrepps 27. janúar 2021. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphirðu í Húnavatnshreppi. og skv. ákvæði

Nr. 141

28. janúar 2021

59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 35/2017. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

*Húnavatnshreppi, 28. janúar 2021.*

**Einar Kristján Jónsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2021